

Steinunn Egilsdóttir (1881–1948)



Steinunn fæddist að Kjóastöðum 10. júlí 1881. Dóttir Egils Þórðarsonar (1853–1923) og Hildar Sveinsdóttur (1855–1904).

Hún fékk lómunarveiki sem barn og varð upp frá því að bera níu kg umbúðir til að styðja við visinn fót. Studdist hún jafnan við staf.¹ Rödd hennar var sögð „skær, þýð háródd, augun róleg, athugul og þó full af kynlega tindrandi lífi.“² Steinunn var gáfuð og fjölhæf kona með óslökkvandi frjóðleiksfýsn. Las stöðugt og heillaði aðra með yfirgripsmikilli þekkingu og skilningi á bókmenntum. Henni fylgdi líka glaðværð og mildi gagnvart öðrum þótt hún væri hörð við sjálfa sig.³ Lét sr. Magnús Helgason (1857–1940) á Torfastöðum og síðar skólastjóri Kennaraskólans hafa það eftir sér að Steinunn væri skarpgáfaðasti nemandi sem hann hefði nokkurn tíma kennt.⁴ Þekking hennar var yfirgripsmikil í íslenskum bókmenntum eldri og yngri auk öllum meginhöfundum Norðurlanda og sögu.⁵

Steinunn fór 15 ára gömul til náms í Kvennaskóla Reykjavíkur og stundaði þar nám í þrjá vetur. Nam að því búnu í kennaradeild Flensborgarskóla. Kennði í nokkur ár þar til hún giftist Þorfinni Þórarinssyni (1884–1914) frá Drumboddsstöðum 1909.⁶

Hjónin tóku við búi á Spóastöðum vorið 1909. Þau eignuðust börnin Hildi (1910–1964), Þórarinn (1911–1984) og Egil (1913–2004) og tóku Valdimar Pálsson (1905–1998) sem fósturson. Efnahagur var þröngur og mikið var lagt á sig við að byggja upp býlið. Fannst sérvitrum vinnumanni þeirra, Páli Jónssyni (1853–1939), nóg um og skrifaði Þorfinni kvörtunarbréf yfir bláum vatnsgrautum og ódýrustu soðningartegundum með tólgi og smjörlíki til viðbits.⁷

Eftir einungis fimm ára hjónaband lést Þorfinnur vegna blóðeitrunar frá konu og börnum og var öllum harmdauði.⁸ Steinunn bar harm sinn í hljóði ævilangt þótt hún blandaði vel geði við fólk og sýndi glaðværð.⁹ Guðríður Þórarinsdóttir (1888–1971) mágkona Steinunnar hafði miklar áhyggjur af henni sem hún viðraði í bréfi til Steinunnar Þorsteinsdóttur (1857–1932) á

Efri-Brú í Grímsnesi á gamlársglag 1915. Erfitt væri fyrir Steinunni að útvega sér ráðsmann á Spóastaði. Hún treysti henni þó fyllilega til að stjórna búinu en maðurinn yrði að geta sagt fyrir verkum, sérstaklega um sláttutímamann, og geta séð um öll ferðalög. „Ég kvíði því ef aumingja Steinunn þarf að hætta búskap og láta frá sér börnin. Þá finnst mér sem úti sé um alla hennar lífsgleði; en erfitt verður að búa með tónum daglaunum.“¹⁰ Steinunn gerði gott betur en að komast af því hún kom börnunum fjórum til mennta því hún áttaði sig á því hve mikilvægt vegarnesti góð menntun var börnum.¹¹

Steinunn hélt áfram búskap með dugnaði og ósérhlífni þrátt fyrir þröngan efnahag. Hún sýndi að hún var gætin og hyggjin búkona. Hélt við umbótum jarðarinnar sem Þorfinnur hafði gert, smá minnkaði skuldir þar til hún gat keypt jörðina. Hún sýndi hagsýni og blómgaðist búið svo það gat staðið undir menntun barnanna þegar að því kom að kosta þurfti til þess.¹²

Félagsmál lét Steinunn sig litlu varða. Var að vísu félagi í Kvenfélagi Biskupstungna en tók ekki til máls á mannfundum né hlutaðist til um opinber mál. Fylgdist þó vel með og var vel að sér.¹³

Þórarinn og Valdimar tóku saman við búi á Spóastöðum 1935 ásamt eiginkonum sínum Ingibjörgu V. Guðmundsdóttur og Þórunni Bjarnadóttur. Einungis fjórum árum síðar urðu þó Valdimar og Þórunn að láta af búskap vegna veikinda hans.¹⁴

Steinunn andaðist 26. júlí 1948 og var jörðuð í Skálholti.

Heimildir:

Ljósmynd af Steinunni Egilsdóttur. Ljósmyndari ókunnur. Sigurlaug Erlendsdóttir.

„Steinunn Egilsdóttir. Fædd 10. júlí 1881. Dáin 26. júlí 1948“. *Æviminningabók.*

Menningar- og minningarsjóðs kvemma I. Reykjavík, 1955. Bls. 101.

-*Héraðsskjalasafn Árnesinga*. Jóhann Kr. Ólafsson. 1955. Nokkur greinagerð um ábúendur í Biskupstungnahreppi í sambandi við manntalið 1901. Höf. Jóhann Kr. Ólafsson.

———. Steinunn Þorsteinsdóttir frá Efri-Brú. 1909-1931. 18 bréf frá Guðríði

Þórarinsdóttur frá Drumboddsstöðum. Guðríður Þórarinsdóttir. Bréf 31. desember 1915.

Arnór Karlsson o.fl. „Jarðir og ábúendur í Biskupstungum“. *Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið. Samið vegna 70 ára afmælis Búnaðarsambands Suðurlands*. 1. Ritstj. Páll Lýðsson. [Selfoss], 1980. Bls. 59-180.

Jón Helgason. *Orð skulu standa*. 2. prt. Reykjavík, 1985.

Sigurður Einarsson. *Íslenskir bændaböfðingjar*. 1. Akureyri, 1951.

Sigurlaug Erlendsdóttir. „Steinunn Egilsdóttir. Fædd 10. júlí 1881. Dáin 26. júlí 1948“.

Æviminningabók. Menningar- og minningarsjóðs kvemma I. Reykjavík, 1955. Bls. 101-02.

- ¹ -*Héraðsskjalasafn Árnesinga*. Jóhann Kr. Ólafsson. 1955. Nokkur greinagerð um ábúendur í Biskupstungnahreppi í sambandi við manntalið 1901. Höf. Jóhann Kr. Ólafsson; Sigurlaug Erlendsdóttir. „Steinunn Egilsdóttir. Fædd 10. júlí 1881. Dáin 26. júlí 1948.“ *Æviminningabók. Menningar- og minningarsjóðs kvenna* I. Reykjavík, 1955. Bls. 101 í 101-02.
- ² Sigurður Einarsson. *Íslenzkir bændahöfðingjar*, 1. Akureyri, 1951. Bls. 138.
- ³ Sama heimild. Bls. 138-39; Sigurlaug Erlendsdóttir. „Steinunn Egilsdóttir. Fædd 10. júlí 1881. Dáin 26. júlí 1948.“ *Æviminningabók. Menningar- og minningarsjóðs kvenna* I. Reykjavík, 1955. Bls. 102 í 101-02.
- ⁴ Sigurður Einarsson. *Íslenzkir bændahöfðingjar*, 1. Akureyri, 1951. Bls. 142.
- ⁵ Sama heimild. Bls. 141-42.
- ⁶ Sigurlaug Erlendsdóttir. „Steinunn Egilsdóttir. Fædd 10. júlí 1881. Dáin 26. júlí 1948.“ *Æviminningabók. Menningar- og minningarsjóðs kvenna* I. Reykjavík, 1955. Bls. 101 í 101-02.
- ⁷ Jón Helgason. *Orð skulu standa*, 2. prt. Reykjavík, 1985. Bls. 124-25.
- ⁸ Sama heimild. Bls. 125-26.
- ⁹ Sigurður Einarsson. *Íslenzkir bændahöfðingjar*, 1. Akureyri, 1951. Bls. 140-41.
- ¹⁰ -*Héraðsskjalasafn Árnesinga*. Steinunn Þorsteinsdóttir frá Efri-Brú. 1909-1931. 18 bréf frá Guðríði Þórarinsdóttur frá Drumboddsstöðum. Guðríður Þórarinsdóttir. Bréf 31. desember 1915.
- ¹¹ Sigurlaug Erlendsdóttir. „Steinunn Egilsdóttir. Fædd 10. júlí 1881. Dáin 26. júlí 1948.“ *Æviminningabók. Menningar- og minningarsjóðs kvenna* I. Reykjavík, 1955. Bls. 101-02 í 101-02.
- ¹² -*Héraðsskjalasafn Árnesinga*. Jóhann Kr. Ólafsson. 1955. Nokkur greinagerð um ábúendur í Biskupstungnahreppi í sambandi við manntalið 1901. Höf. Jóhann Kr. Ólafsson; Sigurður Einarsson. *Íslenzkir bændahöfðingjar*, 1. Akureyri, 1951. Bls. 140.
- ¹³ Sigurður Einarsson. *Íslenzkir bændahöfðingjar*, 1. Akureyri, 1951. Bls. 143.
- ¹⁴ -*Héraðsskjalasafn Árnesinga*. Jóhann Kr. Ólafsson. 1955. Nokkur greinagerð um ábúendur í Biskupstungnahreppi í sambandi við manntalið 1901. Höf. Jóhann Kr. Ólafsson; Arnór Karlsson o.fl. „Jarðir og ábúendur í Biskupstungum.“ *Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið. Samið vegna 70 ára afmælis Búnaðarsambands Suðurlands*. 1. Ritstj. Páll Lýðsson. [Selfoss], 1980. Bls. 115 í 59-180.